

# Hluthafafundur Haga hf. 18. janúar 2019

Hluthafafundur Haga hf., kt. 670203-2120, verður haldinn föstudaginn 18. janúar 2019 og hefst hann kl.09:00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík.

## Dagskrá fundarins:

1. Kosning stjórnar félagsins
2. Önnur mál

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar föstudaginn 11. janúar nk. Hluthöfum er bent á að óski þeir eftir að fá mál sett á dagskrá eða leggja fram ályktunartillögur á fundinum þarf að beina því skriflega og í endanlegu formi til félagsstjórnar eigi síðar en 10 dögum fyrir fund (þriðjudaginn 8. janúar nk.) á netfangið [hluthafafundur@hagar.is](mailto:hluthafafundur@hagar.is), eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 86. gr. hlutafélagalaga, sbr. lög nr. 2/1995. Þeim sem gefa vilja kost á sér til setu í stjórn Haga hf. er bent á að tilkynna það skriflega til tilnefningarnefndar Haga eigi síðar en kl. 16:00 þann 4. janúar 2019, á netfangið [tilnefningarnefnd@hagar.is](mailto:tilnefningarnefnd@hagar.is). Tillögur tilnefningarnefndar um frambjóðendur til stjórnar verða tilkynntar þann 11. janúar nk.

Ítarlegri upplýsingar er að finna á vefsíðu félagsins,

<http://www.hagar.is/fjarfestaupplýsingar/hluthafafundur/>

Stjórn félagsins vill áréttta að forsvarsmenn hluthafa sem sækja fundinn, Þ.e. forsvarsmenn fyrirtækja, lífeyrissjóða, fjárfestingasjóða, einstaklinga eða annarra hluthafa, ber að skila umboði við skráningu inn á fundinn. Einnig verða einstaklingar beðnir um að framvísa persónuskilríkjum.

**Stjórn Haga hf.**